



A 1865/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Norræna þekkingar- og menningarnefndin um
þingmannatillögu
um að draga úr lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að dregið verði úr lokun höfundarréttarvarins efnis í stafrænum útsendingum norrænu almannastöðvanna milli landanna, líkt og lagt er til í skýrslunni *Nordisk tv på tværs af grænsar*;
að ríkisstjórnir Svíþjóðar og Finnlands finni lausn sem geri íbúum Álandseyja kleift að horfa á sænska SVT Play.

Bakgrunnur

Tilvalin leið til að auka skilning á norrænum tungumálum og menningarlæsi er að tryggja gagnkvæman aðgang að sjónvarpssendingum, jafnt línulegri dagskrá sem efni á streymisveitum. Enn fremur er mikil eftirspurn eftir norrænu sjónvarpsefni á heimsvísu og heima fyrir.^[1] Enn reynist erfitt að ná sjónvarpsstöðvum nágranna-landanna, einnig ýmis konar streymisþjónustu og fréttasendingum sökum lokunar á höfundarréttarvarið efni eftir svæðum. Þessar stjórnsýsluhindranir ber að afnema og gefa norrænum almenningi kost á að njóta sjónvarpsefnis hinna landanna. Að sjálfsögðu ber að virða réttthafa efnisins og tryggja þeim réttmætar greiðslur. Á sama tíma ná þeir til mun stærrí markhóps á Norðurlöndunum öllum.

Flokkahópur miðjumanna hafði áður (árið 2017) flutt þingmannatillögu um að afnema svæðisbundna lokun á höfundarréttarvarið efni. Í ljósi þessa pantaði Norræna ráðherranefndin úttekt hjá ráðgjafarfyrirtækinu „Lauritzen Consulting“. Skýrslan ber heitið [Nordisk tv på tværs af grænsar](#) og kom út í janúar 2019 en hún hefur að geyma fimm tillögur um leiðir til að draga úr svæðalokun efnis.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún hrindi í framkvæmd hinum fimm tillögum skýrslunnar „Nordisk tv på tværs af

[1] <https://www.filmtake.com/streaming/streaming-in-scandinavia/>



grænser". Hér á eftir fer stutt samantekt á tillögnum. Að öðru leyti er vísað í bls. 48-53 í skýrslunni.

Hinar fimm tillögur skýrslunnar:

1. Sjónvarpsstöðvar í almannapjónustu beiti ekki lokun eftir svæðum nema nauðsyn beri til

Höfundar skýrslunnar taka fram að mikill munur sé á því í hversu ríkum mæli norrænar sjónvarpsstöðvar í almannapjónustu beiti lokun eftir svæðum. Sá munur gefi tilefni til að ætla að í sumum landanna sé lokun af þessu tagi beitt jafnvel þegar engin þörf er á. Höfundar skýrslunnar segjast engar upplýsingar hafa fengið um ástæðuna fyrir þessum mun en draga þá ályktun að svigrúm sé til úrbóta. Þeir telja einnig æskilegt að almannastöðvarnar gefi út árlegt yfirlit um hversu mikið af efni þeirra fellur undir lokun eftir svæðum og hver ástæða lokunarinnar er í hverju tilviki. Þannig væri almenningi gefinn kostur á að fylgjast með þróun mála, auk þess sem slík skýrslugerð gæti gert almannastöðvunum sjálfum auðveldara að sjá hvort aðgangur að efni er heftur að óþörfu. Í skýrslunni er þó ekki mælt með því að hætt verði með öllu að loka aðgangi að höfundarréttarvörðu efni svæðisbundið. Til þess eru of miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og breyting af því tagi gæti leitt til kostnaðarauka fyrir stöðvarnar.

2. Auka má samstarf á vettvangi Nordvision með samframleiðslu og skiptum á dagskrárefni

Nordvision er samstarfsvettvangur norrænu almannastöðvanna sem komið var á fót árið 1959. Tilgangur samstarfsins er að efla norrænu almannastöðvarnar með því að gera þeim kleift að samframleiða sjónvarpsefni og skiptast á því, þróa hugmyndir í sameiningu og deila þekkingu. Stöðvarnar geta sótt um styrki úr Nordvision-sjóðnum til að þróa og framleiða nýtt sjónvarpsefni. Þó að samframleiðsla hafi aukist (slík framleiðsla náði til fleiri mynda og þátta árið 2020 en öll önnur ár nema eitt frá árinu 2013¹) hefur þróunin verið sú að stöðvarnar skiptast æ sjaldnar á efni. Þess vegna mætti vinna að því að auka slík skipti.

3. Dreifingarfyrirtæki geta aukið framboð sitt á dagskrárefni frá nágrannalöndunum

Í skýrslunni kemur fram að í Danmörku, Noregi og á Íslandi er aðgangur að sjónvarpsstöðvum nágrannalöndanna innifalinn í grunnáskrift dreifingarfyrirtækja sjónvarpsefnis. Áhorfendur snúa sér þó í æ ríkara mæli að streymisþjónustu og horfa þá einnig á sjónvarpsefni í gegnum tölvur og spjaldtölvur. Til að áhorfendur geti áttað sig á framboði streymisveitna á sjónvarpsefni frá nágrannalöndunum þarf að markaðssetja það öðruvísi. Aukið framboð krefst þess þó að réttindamál séu frágengin, en það þýðir að vilji þarf að vera hjá áhorfendum til að greiða markaðsverð fyrir þjónustuna og rétthafar verða að geta samþykkt að draga úr kröfum sínum. Sökum þessa verða

¹ https://www.nordvision.org/fileadmin/user_upload/Nordvision_2020-2021_Skandinavisk_low.pdf



viðræður að eiga sér stað milli almannastöðvanna, réttihafa og dreifingarfyritækja um pakkasölu á efninu, markaðssetningu þess og greiðslur fyrir útsendingarrétt.

4. Norðurlöndin geta tryggt umgjörð um höfundarétt vegna dreifingar sjónvarpsefnis með pöntunarþjónustu

Öll Norðurlöndin hafa komið á fót sérstöku kerfi leyfissamninga til að gera það kleift að endurvarpa línulegri sjónvarpsdagskrá nágrannalandsanna. Nú er svo komið að endurskoða þarf höfundarréttarlöggjöf landanna til að innleiða breytingar á svonefndri gervitungla- og kapaltilskipun Evrópusambandsins. Í skýrslunni kemur fram að í tengslum við þá vinnu væri eðlilegt að sjá til þess að aðgangur að norrænu sjónvarpsefni í streymisþjónustu geti átt sér stað á grundvelli sameiginlegra samninga.

5. Æskilegt er að Norðurlönd taki væntanlegar breytingar á gervitungla- og kapaltilskipuninni upp í löggjöf sína svo fljótt sem auðið er

Í apríl 2019 voru samþykktar í Evrópusambandinu breytingar á gervitungla- og kapaltilskipuninni. Tekin var upp í tilskipunina svokölluð upprunalsregla, en hún felur í sér að öll réttindamál eru afgreidd í upprunalandinu. Reglan tekur að vísu einungis til fréttu og fréttatengds efnis en hefur þó í för með sér aukið framboð á norrænu sjónvarpsefni í streymisþjónustu þegar ákvæði nýju tilskipunarinnar hafa verið tekin upp í löggjöf landanna. Almenna reglan er að aðildarríki Evrópusambandsins eiga að innleiða tilskipanir innan tveggja ára frá gildistöku þeirra. Enn sem komið er hafa Svíar einir norrænna aðildarlanda ESB innleitt nýju tilskipunina.

Sjónarmið nefndarinnar

Þekkingar- og menningarnefnd hefur skilning á því að það er margslungið verk að auka aðgengi að efni almannaþjónustustöðva hvarvetna á Norðurlöndum. Nefndin hefur einnig skilning á því að helsta áskorunin almannaþjónustustöðva er samkeppnisröskun af hálfu alþjóðlegra tæknirisa á við Google, Netflix og Apple sökum þess að þeir veita hvorki upplýsingar um né innsýn í algóritma sína og greiða heldur ekki skatta.

Engu að síður telur nefndin að bregðast eigi við áskorunum almannaþjónustustöðva með því að auka norrænt samstarf og aðgengi almennings að efni á Norðurlöndum. Þrátt fyrir að almannaþjónustustöðvarnar loki eingöngu á efni af tilliti til réttihafa, óskar nefndin eftir því að stöðvarnar haldi saman tölum um hve mikið efni þær loka á árlega. Á þann hátt gæfist Norðurlandaráði kostur á að fylgjast með þróuninni.

Nordvision samstarfið er skóladæmi um vel heppnað norrænt samstarf. Í ársskýrslu þess kemur í ljós að samframleiðsla efnis eykst stöðugt en á sama tíma virðist draga úr skiptum á efni. Nefndin bindur vonir við að Nordvision geti snúið þeirri þróun við og gert innlent efni aðgengilegt á öllum Norðurlöndum. Að mati Nordvision má gera mun betur þegar kemur að samframleiddu efni fyrir ungt fólk og telur nefndin það einnig æskilegt.



Nefndin telur það skipta sköpum að ungt fólk uppgötvi norræn tungumál og menningu og fái áhuga á að stunda nám og/eða starfa annars staðar á Norðurlöndum. Það er í höndum unga fólksins að halda norrænu samstarfi áfram og áhugi ungmennanna er forsenda þess að Framtíðarsýn okkar fyrir 2030 verði að veruleika og Norðurlöndin verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims.

Nefndin telur enga eina lausn vera á þeirri áskorun heldur þurfi að kveikja áhuga ungs fólks á Norðurlöndum, til að mynda með norrænu sjónvarpsefni en þá þurfi að vinna á mörgum vígstöðum, með skiptum á sjónvarpsefni, markaðssetningu, pakkasölu á efninu og norrænu afnotagjaldi. Eins og segir í skýrslunni „Aukið aðgengi gerist ekki af sjálfu sér og líkur eru á því að hlutfall norræns efni í framboði almannaþjónustustöðvanna minnki. Þetta þýðir að það krefjist átaks að viðhalda áhuga á norrænu sjónvarpsefni – á vettvangi stjórnmálanna en einnig hjá öllum aðilum verðmætakeðjunnar.“

Nefndinni er kunnugt um að leitað hefur verið lausna til þess að íbúar Álandseyja fái aðgang að sænsku þjónustunni SVT Play, eins og greint er frá á bls. 35 í skýrslunni. Í skýrslunni kemur fram að finnska ríkisstjórnin hafi einnig haft afskipti af málinu. Nefndin beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Svíþjóðar og Finnlands að þær leggi sig betur fram við að finna lausn á málinu.

Norðurlöndum 7. september 2021

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)	Kjell-Arne Ottosson (KD)
Camilla Gunell (ÅSD)	Angelika Bengtsson (SD)
Daniel Riazat (V)	Lars Mejern Larsson (S)
Edmund Joensen (sb)	Marianne Synnes Emblesvåg (H)
Heidi Viljanen (sd)	Mikko Kinnunen (cent)
Henrik Møller (S)	Norunn Tveiten Benestad (H)
Jorodd Asphjell (A)	Riikka Purra (saf)

Fyrirvari

Flokkahópur hægrimanna gerir fyrirvara við ákvörðunina og leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1865/kultur um að draga úr lokun höfundarréttarvarins efnis eftir svæðum